

Fimmtudaginn 31. október 1985.

Nr. 216/1982. **Eigendur Borga**

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

gegn

eiganda Oddastaða og

(Sigurður Ólason hrl.)

eiganda Laxárdals

(Gunnlaugur Claessen)

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, og með sérstöku tilliti til 8. greinar landamerkjalaga nr. 41/1919 að veita aðiljum kost á að gefa skýrslur um eftirtalin atriði:

1. Hvort ágreiningur sé um landamerki milli Borga og Laxárdals og ef svo er, í hverju hann sé fólgin. Ef landamerkin eru ágreiningslaus, hver þau séu og þá sérstaklega hver séu landamerki frá því að Almannaborgargil sameinast Laxá allt þar til sameiginleg landamerki jarðanna þrýtur í suðri.
2. Hvort ágreiningur sé milli eigenda Laxárdals og Oddastaða um landamerki þeirra jarða og ef svo er, í hverju hann sé fólgin. Ef landamerki eru ágreiningslaus, tjái aðiljar sig sérstaklega um það, hvort þeim sé rétt lýst í landamerkjabréfi Oddastaða frá 2. ágúst 1889.

Á l y k t a r o r ð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra skýrslna.